

Alþingi  
Erindi nr. Þ 139/673  
komudagur 3. 12. 2010

**EFTIRLITSNEFND MEÐ  
FJÁRMÁLUM SVEITARFÉLAGA**

Alþingi samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti  
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu  
150 Reykjavík  
Sími 545 8200, Bréfasími 562 1702  
netfang: postur@sam.stjr.is

Reykjavík 3. desember 2010

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003, þskj. 47 – 46 mál.**

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, EFS, hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003, þskj. 47 – 46 mál.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Helguvíkurhöfn geti notið styrks úr ríkissjóði sbr. ákvæði II. til bráðabirgða í gildandi hafnalögum með sama hætti og þær framkvæmdir sem skilgreindar eru í bráðabirgðaákvæðinu.

Hingað til hefur ekki verið leitað álits EFS á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga né fjármálalegum samskiptum ríkis og fyrirtækja sveitarfélaga, svo sem hafna og veitufyrirtækja, enda er það ekki hlutverk nefndarinnar, samkvæmt sveitarstjórnarlögum, að gefa slík álit. Af þeirri ástæðu tekur nefndin ekki afstöðu til umrædds frumvarps.


EFS er á hinn bóginn ljóst að fjárhagsstaða Reykjaneshafnar er afar erfið og að ýmsar aðrar hafnir eiga í fjárhagslegum erfiðleikum. Fjárhagsvandræði hafnanna bitna síðan á hlutaðeigandi sveitarfélögum sem mörg hver glíma við alvarlegan fjárhagsvanda sinna sveitarsjóða og á það m.a. við um Reykjanesbæ sem lagt hefur í kostnaðarsamar framkvæmdir við Helguvíkurhöfn.

Í umræddu frumvarpi kemur ekki fram hve ríkisstyrkur til Helguvíkurhafnar kunnir að verða hár né hvort hann leiði til þess að ríkisstyrkir til annarra hafnarframkvæmda verði skertir.


EFS er ljóst að breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga eða B-hluta fyrirtækja sveitarfélaga eins og hafna geta haft í för með sér veruleg fjárhagsleg áhrif. Með vísan til laga um hlutverk nefndarinnar er það á hinn bóginn

ekki í hennar verkahring að taka afstöðu til þeirra mála. Gildir þá einu hvort um er að ræða breytingar sem varða sveitarfélögin í heild sinni eða einstök sveitarfélög eða fyrirtæki sveitarfélaga.

f.h. Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

  
Ólafur Niðsson  
formaður

  
Harðis Karlsdóttir

  
Þórður Skúlason

Alþingi – samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 17. nóvember 2010

1011003HA MKH/  
Málalykill: 613

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum**

Stjórn Hafnasambands Íslands hefur borist frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, þskj. 47 – 46. mál, til umsagnar.

Á 37. hafnasambandsþingi, sem haldið var á Snæfellsnesi 23. og 24. september sl., voru m.a. samþykktar ályktanir þar sem hvatt er til að nú þegar verði hafin vinna við að endurskoða hafnalög og jafnframt gripið til ráðstafana sem rétta hlut hafnanna, en flestar hafnir landsins búa við afleit rekstrarskilyrði. Hafnasambandsþingið bendir á að leita þurfi leiða til þess að auka verulega þátttöku ríkisins í nýframkvæmdum og viðhaldsverkefnum við hafnir landsins. Lagt er til að unnið verði að réttlátari stefnu í þessum efnum við endurskoðun laganna.

Stjórn Hafnasambands Íslands leggst gegn því að bætt sé við almenn hafnalög sérstöku ákvæði varðandi einstakar hafnir. Standi vilji löggjafans til sérstakra aðgerða gagnvart Helguvíkurböfn er eðlilegra að gera það í sérlægum þar að lútandi, en bent er á að óskir um sams konar aðgerðir munu eflaust koma frá öðrum höfnum, sem kalla eftir fjárhagslegum úrbótum og aðstoð.

Stjórn Hafnasambands Íslands ítrekar að brýnt sé að hefja þegar endurskoðun hafnalaga og að höfnum landsins verði á þeim grundvelli sköpuð eðlileg rekstrar- og fjárfestingaskilyrði til framtíðar með almennum aðgerðum en ekki sértækum.

Virðingarfyllst  
HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Magnús Karel Hannesson  
starfsmaður hafnasambandsins

Afrit: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Alþingi  
Erindi nr. P 139/305  
komudagur 19.11.2010



REYKJANESBÆR

reykjanessaer.is

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjanesbæ, 18. nóvember 2010  
Tilvísun: 2010110173

**Efni: Frumvarp til hafnalaga (Helguvíkurhöfn), 46. mál**

Á fundi bæjarráðs Reykjanessbæjar þann 18. nóvember 2010 var til afgreiðslu erindi Samgöngunefndar Alþingis dags. 15. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til hafnalaga (Helguvíkurhöfn) 46. mál.

Eftirfarandi var fært til bókar:

Bæjarráð Reykjanessbæjar fagnar framlögðu frumvarpi og gerir engar athugasemdir við efnisatriði frumvarpsins. Bæjarráð telur réttlátt og eðlilegt að ríkisvaldið komi að uppbyggingu Helguvíkurhafnar líkt og það hefur gert hjá öllum öðrum stórskipahöfnum á landinu.

Ofangreint tilkynnist hér með

f.h. Reykjanessbæjar

Elísabet Magnúsdóttir  
Ritari bæjarstjóra

Reykjanesbær  
Tjarnargötu 12  
Póstfang 230

Sími: 421 6700  
Bréfasími: 421 4667

reykjanessaer@reykjanessaer.is



# RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi  
Erindi nr. P 139/728  
komudagur 7.12.2010

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík	3. desember 2010	A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis samgöngunefndar Alþingis, dags. 25. nóv. sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til hafnalaga (Helgavíkurhöfn), 46. mál.

Með hliðsjón af lögbundnu hlutverki sínum telur Ríkisendurskoðun ekki eðlilegt að taka afstöðu til ofangreinds frumvarps.

*Emundur Árnason*

*Alfvin Gunnarsson*



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi  
Erindi nr. P 139/288  
komudagur 18.11.2010

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100  
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, samgöngunefnd  
Benedikt Sveinbj. Benediktsson  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 16. nóvember 2010 02-2010110555  
T-ums 71/10


**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003 - 46. mál, þskj. 47.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 15. nóvember 2010 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Ríkisskattstjóri álitur að efni frumvarpsins falli utan við starfssvið embættisins og gerir af þeim sökum ekki athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllst

  
Skúli Eggert Þorðarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir

Alþingi  
Erindi nr. P 139/596  
komudagur 2.12.2010



Alþingi  
Nefndarsvið  
Við Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík  
sími: 545 8200 bréfasími: 562 1702  
postur@sam.stjr.is www.stjr.is/sam


Reykjavík 29. nóvember 2010  
Tilv.: SAM10110052/0.4.1

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið vísar til tölvupósts nefndarsviðs Alþingis frá 15. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn ráðuneytisins um frumvarp til laga um breytingu á hafnarlögum, nr. 61/2003, þskj. 47 - 46. mál. Í frumvarpinu er lagt til að við 1. mgr. ákvæðis til bráðbirgða II í hafnarlögum verði bætt nýjum málslíð um framkvæmdir, rekstur og starfsemi Helguvíkurhafnar.

Í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II í hafnarlögum er að finna bráðabirgðalausn sem miðar að því að tryggja að framkvæmdir sem skilgreindar voru í tíð eldri hafnarlaga nr. 23/1994 og tilgreindar í samgönguáætlun fái framlög úr ríkissjóði skv. ákvæðum eldri hafnarlaga. Vandséð er hvernig ný framkvæmd eins og sú sem fjallað er um í umræddu frumvarpi eigi heima í slíku bráðabirgðaákvæði, sem hefur skýran tilgang og forsögu. Þar með væri hin nýja framkvæmd felld undir gildissvið laga sem fallin eru úr gildi. Tekur ráðuneytið undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Hafnarsambands Íslands frá 17. nóvember sl. að fjárveiting til slíks tiltekins verkefnis eigi betur heima í sérlægum líkt og gilda um Landeyjahöfn.

Þá vill samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið upplýsa þingnefndina um að ráðuneytið undirbýr skipun starfshóps sem ætlað er að endurskoða hafnarlögin frá grunni. Munu álitaefti um styrki úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda koma þar til skoðunar sem og eignarhald á einstökum hafnarmannvirkjum. Stefnt er að því að leggja fram frumvarp til nýrra hafnarlaga næsta vor.

Fyrir hönd ráðherra

  
Ragnhildur Hjaltadóttir

  
Sigurður Örn Guðleifsson



Alþingi  
Erindi nr. P 139/702  
komudagur 6.12.2010



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið  
Samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík 06.12.2010

**Efni: Umsögn um frumvarp til hafnalaga, Helguvíkurhöfn, 46. mál.**

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins styðja af heilum hug að frumvarp þetta verði að lögum. Með því er gert ráð fyrir að Helguvíkurhöfn falli undir ákvæði til bráðabirgða í hafnalögum nr. 61/2003 þar sem rikissjóði er veitt heimild til að styðja framkvæmdir í höfnum.

Virðingarfyllst,

Árni Jóhannsson  
Samtök iðnaðarsins

Pétur Reimarsson  
Samtök atvinnulífsins





Alþingi  
Erindi nr. P 139/510  
komudagur 30.11.2010

Alþingi  
Samgöngunefnd  
Við Austurvöll  
150 Reykjavík

Kópavogi, 30.11.2010  
Tilv. 021  
HG

**Efni: Umsögn um frumvarp til hafnalaga (Helguvíkurbær), 46. mál.**


Siglingastofnun Íslands vísar til erindis samgöngunefndar Alþingis, dags. 15. nóvember 2010, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til hafnalaga (Helguvíkurbær), 46. mál.

Siglingastofnun tekur ekki efnislega afstöðu til málsins en bendir á eftirfarandi atriði:

Við gerð samgönguáætlana allt frá árinu 2006 hefur Reykjanesbær komið á framfæri við stofnunina óskum um að umræddar framkvæmdir komist inn á samgönguáætlun sem hafnarframkvæmdir er njóti styrks úr ríkissjóði. Ekki var orðið við þessum óskum þar sem framkvæmdirnar féllu hvorki undir ákvæði 24. gr. hafnalaga nr. 61/2003 né bráðbirgðaákvæði II í sömu lögum, sem er forsenda ríkisstyrkja. Siglingastofnun vann að frumrannsóknnum (m.a voru framkvæmdar líkantilraunir árið 2007) vegna framkvæmdanna í samræmi við heimild í 22. gr. hafnalaga og var kostnaður greiddur af rannsóknarfé stofnunarinnar. Þegar kom að framkvæmdunum sjálfum veitti Siglingastofnun aðstoð við hönnun o.fl. en allur kostnaður var þá reikningsfærður á hafnir Reykjanesbæjar án mótframlags úr ríkissjóði.

Til að gæta jafnræðis skal þess getið að óskum fleiri hafna um framlög úr ríkissjóði hefur verið hafnað á sömu forsendum og Reykjanesbæ. Nú unnið að gerð samgönguáætlunar 2011 – 2014 og skiluðu sveitarstjórnir inn óskum síðla sumars 2010. Þar er meðal annars enn á ný að finna óskir um styrk til umræddra framkvæmda í Helguvík, óskir um styrk vegna stóriðjuhafnar á Húsavík (svipuð stærðargráða og í Helguvík) og óskir um framlög til stórskipahafnar í Þorlákshöfn, sem er áætlað verulega stærra verkefni en hin tvö.

Virðingarfyllt  
f.h. Siglingastofnunar Íslands

  
Hermann Guðjónsson